



Menntun ungra barna án aðgreiningar

Ný innsýn og verkfæri
Endanleg yfirlitsskýrsla



EUROPEAN AGENCY
for Special Needs and Inclusive Education



MENNTUN UNGRA BARNA ÁN AÐGREININGAR

Ný innsýn og verkfæri
Endanleg yfirlitsskýrsla



Evrópumiðstöð um nám án aðgreiningar og sérþarfir (Miðstöðin) er sjálfstæð sjálfsstjórnarstofnun. Miðstöðin er sameiginlega fjármögnuð af menntamálaráðuneytum í aðildarlöndunum og framkvæmdastjórn Evrópusambandsins, með stuðningi Evrópuþingsins.



Sameiginlega fjármagnað af Erasmus+ áætlun Evrópusambandsins

Stuðningur framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins við framleiðslu þessarar útgáfu felur ekki í sér stuðning við innihaldið, sem endurspeglar eingöngu skoðanir höfundanna, og framkvæmdastjórnin ber enga ábyrgð á notkun þeirra upplýsinga sem koma hér fram.

Þær skoðanir sem einstaklingar greina frá í skjalinu eru ekki endilega í samræmi við opinberar skoðanir miðstöðvarinnar, aðildarríkja hennar eða framkvæmdastjórnar ESB.

Ritstjórar: Mary Kyriazopoulou, Paul Bartolo, Eva Björck-Åkesson, Climent Giné og Flora Bellour

Útdráttur úr skjalinu er eingöngu leyfður ef skýrlega er vísað til heimildarinnar. Vísa skal til skjalsins á eftirfarandi hátt: Evrópumiðstöð um nám án aðgreiningar og sérþarfir, 2017. *Menntun ungra barna án aðgreiningar: Ný innsýn og verkfæri – Endanleg yfirlitsskýrsla.* (M. Kyriazopoulou, P. Bartolo, E. Björck-Åkesson, C. Giné og F. Bellour, ritst.). Odense, Danmörk

Til að bæta aðgengi að skýrslunni er hún tiltæk á 25 tungumálum og á rafrænu sniði á vefsvæði stofnunarinnar: www.european-agency.org

Þetta er þýðing á upprunalegum texta á ensku. Ef efi vaknar um nákvæmni upplýsinga í þýðingunni skal skoða upprunalega enska textann.

ISBN: 978-87-7110-701-2 (Rafrænt)

© European Agency for Special Needs and Inclusive Education 2017

Aðalskrifstofa
Østre Stationsvej 33
DK-5000 Odense C Denmark
Sími: +45 64 41 00 20
secretariat@european-agency.org

Skrifstofa í Brussel
Rue Montoyer, 21
BE-1000 Brussels Belgium
Sími: +32 2 213 62 80
brussels.office@european-agency.org



EFNISYFIRLIT

INNGANGUR	5
BAKGRUNNUR	6
NIÐURSTÖÐUR VERKEFNISINS OG FRAMLÖG TIL IECE	7
1. Öllum börnum gert kleift að tilheyra hóp, taka þátt og læra	7
2. Þróun á Tæki til sjálfsskoðunar	8
3. Aðlögun á vistkerfislíkaninu af IECE	9
<i>Vidd 1: Niðurstöður</i>	12
<i>Vidd 2: Ferli</i>	12
<i>Vidd 3: Hagstæð kerfi innan IECE-umhverfisins</i>	12
<i>Vidd 4: Hagstæð kerfi innan samfélagsins</i>	12
<i>Vidd 5: Hagstæð kerfi á svæðis-/landsvísu</i>	13
<i>Samstarf um notkun á líkaninu meðal stefnumótenda og framkvæmdaaðila</i>	13
TILMÆLI	13
ÚTKOMA VERKEFNISINS	16
HEIMILDIR	17





SAMUEL E



LEONARDO



MARTA



HUGO





INNGANGUR

Gæði í menntun ungra barna er áberandi áhyggjuefni fyrir stefnumótendur og hefur nýverið orðið forgangsmál hjá mörgum alþjóðlegum og evrópskum stofnunum. Þar með taldar eru Efnahags- og framfarastofnunin (OECD), Menningarmálastofnun Sameinuðu þjóðanna (UNESCO), Barnahjál Sameinuðu þjóðanna (UNICEF), Framkvæmdastjórn ESB, Eurydice og Evrópumíðstöð um nám án aðgreiningar og sérþarfir (Miðstöðin), meðal annarra. Nýlega undirstrikaði Ráð Evrópusambandsins (2017) þörfina á því að forgangsraða hágæðamenntun og -umönnun fyrir ung börn til að taka á ójöfnuði í ævinámi.

Vegna þessara alþjóðlegu áhyggjuefna skipulagði Miðstöðin þriggja ára verkefni (2015–2017) sem fékk titilinn Menntun ungra barna án aðgreiningar. Það miðaði að því að auðkenna, greina og síðan stuðla að aðaleinkennum gæðamenntunar ungra barna án aðgreiningar (IECE)¹ fyrir öll börn² frá þriggja ára aldri og fram að upphafi náms í barnaskóla. Þetta gaf tækifæri til að kanna nánar hvernig, innan sjónarmiða aðgreiningarleysis, IECE-úrræði í Evrópu eru að taka á þeim gæðaatríðum sem Framkvæmdastjórn ESB (2014) og OECD (2015) hafa þegar auðkennt.

Verkefnið var byggt á viðeigandi fræðilegri umfjöllun um rannsóknir og stefnu, gögnum sem var safnað með athugunum á dæmum um IECE-umhverfi³ í nokkrum löndum, lýsingum á dæmum frá framkvæmdaaðilum í Evrópu og spurningalistum um innlenda þróun í IECE í öllum aðildarlöndum Miðstöðvarinnar. Sextíu og fjórir IECE-landssérfræðingar frá allri Evrópu lögðu fram vinnu við verkefnið. Þeir tóku þátt í upplýsingaöflun og -greiningu, í athugunum og umræðum í átta ferilsrannsóknum í heimsóknum til ólíkra landa og í öðrum fundum verkefnisins. Þetta leiddi til lokainnsýnar verkefnisins og framlaga til IECE.

Þessi skýrsla er yfirlit yfir samantektarskýrslu (European Agency, 2017a) sem dregur saman helstu niðurstöður verkefnisins. Hún leggur áherslu á þrjú ný framlög verkefnisins til stefnumótunar, rannsókna og framkvæmdar í IECE. Þau eru:

- forsendur fyrir og afleiðingar af upptöku sýnar og markmiða án aðgreiningar sem aðalstaðla fyrir IECE-stefnu og -úrræði;

¹ Þetta skjal notar hugtakið „Menntun ungra barna án aðgreiningar“ fyrir niðurstöður og tilmæli verkefnisins, en „menntun ungra barna“ eða „menntun og umönnun ungra barna“ þegar vísað er til viðkomandi fræðilegrar umfjöllunar.

² „Öll börn“ vísar til hvers einasta barns.

³ IECE-umhverfi eða leikskólar vísa til aðstöðu fyrir kennslu barna frá þriggja ára aldri og fram að upphafi barnaskólagöngu í hinum ýmsu Evrópulöndum.



- þróun og notkun framkvæmdaaðila á Tæki til sjálfsskoðunar fyrir umbætur á IECE-umhverfi;
- aðlögun á vistkerfislíkani á IECE innan umhverfisins, samfélagsins og á landsvísu.

Þessari skýrslu lýkur með nokkrum tilmælum sem er aðallega beint að stefnumótendum. Þau eru sýnd innan ramma hins nýja vistkerfislíkans IECE.

BAKGRUNNUR

Gæði í menntun ungra barna er áberandi áhyggjuefni hjá stefnumótendum. Vaxandi fjöldi evrópskra og alþjóðlegra rannsókna hafa sýnt að ávinningur af menntun ungra barna tengist „gæðum“ beint og er háður þeim. Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins (2014) auðkenndi og endurskoðaði fimm lykilstefnumarkandi aðgerðir sem hafa bætt gæði og aðgengi í menntun ungra barna. Þær eru:

- Aðgangur að gæðamenntun ungra barna fyrir öll börn
- Gæði vinnuafis
- Gæði námskrár/efnis
- Mat og eftirlit
- Stjórnun og fjármögnun.

Þetta verkefni Miðstöðvarinnar þróaði nýja innsýn varðandi IECE fyrst með því að sameina reynslu og sérfræðipækkingu aðildarlanda hennar í Evrópu. Um leið var verkefnisferlið endurbætt með nýrri skapandi samsetningu á þremur fræðilegum römmum sem áður voru aðeins notaðir á aðskilinn hátt til að lýsa hágæða úrræðum fyrir menntun ungra barna:

- **Rammi aðgreiningarleysis:** Þetta er grunnþáttur í gæðaúrræðum fyrir Miðstöðina og aðildarlönd hennar, sem leitast við að:

... tryggja að öllum nemendum, óháð aldri, sé veitt þýðingarmikil, hágæða námstækifæri í sínu næsta nágreppi, meðal vina sinna og jafnaldra.
(Evrópumiðstöðin, 2015, bls. 1).

- **Rammi utan um niðurstöður, kerfi og ferli:** Kerfi leggur áherslu á lagalegan ramma og aðstæður á lands-, svæðis- og staðarvísu sem hafa áhrif á gæði reynslu barna í umhverfi menntunar ungra barna. Ferli sýnir samskipti á milli barna og starfsfólks og jafningja og



efnislegs umhverfis menntunar ungra barna. **Niðurstaða** endurspeglar þau áhrif sem kerfin og ferlin hafa á velferð barnanna, þátttöku og nám (Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins, 2014; OECD, 2015).

- **Vistkerfalíkan:** Þetta líkan horfir til þeirra flóknu áhrifa sem börn verða fyrir og verða vegna samskipta þeirra og gagnkvæmra tengsla við öll nærliggjandi kerfi í skóla/heimili, samfélagi og svæði/landi – kölluð míkro-, meso-, exó- og makrókerfi – þar sem þau þrífast og vaxa (Bronfenbrenner og Morris, 2006).

Þessum þáttum hefur verið beitt hverjum fyrir sig til umbóta á gæðum í stefnumótun, rannsóknum og framkvæmd menntunar ungra barna. Í þessu verkefni voru þeir samtvinnaðir við vistkerfislíkanið, sem felur í sér einn af nýjum þáttum innsýnar og verkfæra sem verkefnið skilaði.

NIÐURSTÖÐUR VERKEFNISINS OG FRAMLÖG TIL IECE

Greining og umræður um öll verkefnisgögn leiddu til þriggja nýrra framlaga til stefnumótunar, rannsókna og framkvæmdar á IECE.

1. Öllum börnum gert kleift að tilheyra hóp, taka þátt og læra

Greining verkefnisgagnanna bendir sterklega til þess að frá sjónarhóli aðgreiningarleysis er mikilvægasta niðurstaða gæðaúrræðanna að gera öllum börnum kleift að taka virkan þátt í IECE. Þannig eru öll börn – þar með talið þau sem eru berskjölduð fyrir útilokun – jafnt metin, studd og gert kleift að ná framförum við hlið jafningja sinna.

Fyrsta augljósa krafan um þátttöku verður að vera til staðar í umhverfinu í daglegu félagslífi og námi. Lagaákvæði um aðgengilegt IECE á lands- og svæðisvísu hafa mikil áhrif þetta. Þar með talið er réttur og framboð á IECE-námi á viðráðanlegu verði. Verkefnið komst að þeirri niðurstöðu að almenn mæting sé aðeins möguleg ef staðbundið umhverfi nær til allra foreldra í samfélaginu með fyrirbyggjandi hætti. Þar að auki tryggir IECE-umhverfi að hvert barn mæti ekki aðeins í skólann, heldur taki einnig virkan þátt í félagslífi og námi og hljóti til þess viðeigandi stuðning eftir þörfum.

Frá sjónarhóli aðgreiningarleysis er hvert barn einstakt. Mikilvægt er að huga að framförum



hvers barns, í stað þess að einblína eingöngu á að ná innlendum hæfnistöðlum. Þetta gerir öllum börnum kleift – burtséð frá hvaða árangri þau hafa náð – að vera metin jafnt sem virkir þátttakendur og nemendur meðal eigin jafningja og að fá þann stuðning sem þau þurfa til að ná framförum. Dæmi um IECE-umhverfi reyndi að ná þessu fram með því að byrja á að bjóða hvert barn velkomid og meta það innan skapandi, hagstæðs lærdóms-samfélags þar sem allir tilheyra hópnum og eiga jákvætt samband við bæði starfsfólk og jafningja. Í þessu jákvæða andrúmslofti er börnum síðan boðið og gert kleift að:

- nota styrkleika sína;
- taka ákvarðanir, sérstaklega í leik;
- æfa forvitni sína og sjálfstæði;
- tjá áhugamál og markmið og taka þátt í úrlausnum vandamála í samræmi við það;
- fá hvatningu fyrir og taka þátt í athöfnum ásamt og í samskiptum við jafningja sína.

2. Þróun á Tæki til sjálfsskoðunar

Annað framlag verkefnisins er þróun á Tæki til sjálfsskoðunar. Verkefnisteymið blandaði innblæstri úr fyrirbyggjandi tækjum sem leggja áherslu á umhverfi fyrir menntun ungra barna (sjá tilvísanir í Evrópumíðstöðina, 2017b) saman við viðleitni verkefnisins til að lýsa megineiginleikum gæða í IECE fyrir öll börn.

Tæki til sjálfsskoðunar leggur áherslu á leikskólann sem stað fyrir þátttöku og nám. Það beinir athygli að ferlum og kerfum innan umhverfis, sem hafa áhrif á reynslu barnanna. Tækið tekur á átta atriðum:

1. Almennt jákvætt andrúmsloft
2. Félagslegt umhverfi án aðgreiningar
3. Barnmiðuð nálgun
4. Barnvænt efnislegt umhverfi
5. Efni fyrir öll börn
6. Tækifæri til samskipta fyrir alla
7. Kennslu- og námsumhverfi án aðgreiningar
8. Fjölskylduvænt umhverfi.

Nokkrar spurningar ná yfir hvert atriði. Þær miða að því að styðja við umhugsunarefni framkvæmdaaðila. Þær innihalda pláss til að taka fram styrkleika og veikleika í aðgreiningarleysi þjónustunnar, ásamt því að setja umbótamarkmið.



Hægt er að nota Tæki til sjálfsskoðunar í ýmsum tilgangi. Í þessu felst:


- að gefa mynd af stöðu aðgreiningarleysis umhverfis;
- að þjóna sem grunnur að umræðum við hagsmunaaðila um umhverfi án aðgreiningar;
- að auðkenna og lýsa vandamálasvæðum, setja umbótamarkmið og áætla inngríp til að tryggja úrræði til umhverfis án aðgreiningar;
- að leggja mat á ólíkar leiðir til starfa án aðgreiningar;
- að þróa vísbenda um umhverfi án aðgreiningar í landsstöðlum fyrir gæði í IECE.

Þýðing, hentugleiki og nytsemi spurninganna voru metin í átta heimsóknum til dæma um IECE-umhverfi í mismunandi löndum. Þau voru einnig metin í gegnum rýnihópa og skilningsviðtöl við framkvæmdaaðila, foreldra, kennaranema og akademískt starfsfólk í kennaramenntun í þremur öðrum löndum. Niðurstöðurnar benda til þess að þetta kunnir að vera nýtsamlegt verkfæri fyrir leikskólastarfsmenn um alla Evrópu og víðar til að bæta aðgreiningarleysi í IECE-umhverfi þeirra.

3. Aðlögun á vistkerfislíkaninu af IECE

Þriðja framlag verkefnisins er þróun á vistkerfislíkani af IECE. Það getur þjónað sem rammi utan um skipulagningu, umbætur, eftirlit og mat á gæðum í IECE á staðar-, svæðis- og landsvísu (sjá einnig skýringarmynd 1).

Líkanið sameinar öll þau mikilvægu IECE-atriði sem komu í ljós úr þeim gögnum sem náðust frá ólíkum dæmum um IECE-umhverfi. Hins vegar er ekki sama áhersla lögð á allt umhverfið eða sýnd sönnunargögn um öll atriði. Þess vegna, líkt og ráðlagt er fyrir Tæki til sjálfsskoðunar, er best að nota líkanið sem ramma. Með þessum ramma geta stefnumótendur og framkvæmdaaðilar skoðað eigin forgangsparfir og -markmið innan alhliða mynd líkansins af viðeigandi atriðum fyrir gæði í IECE.



Skýringarmynd 1. Vistkerfislíkanið fyrir menntun ungra barna án aðgreiningar



Skýringarmynd 1 sýnir niðurstöður, ferli og kerfi gæða í IECE í vistkerfislíkani þjappað saman í fimm víddir:

Vídd 1: Niðurstöður

Miðja líkansins inniheldur þrjár **meginniðurstöður** úr IECE, nánar tiltekið „Fylgisemd barna, þátttaka og nám“.

Vídd 2: Ferli

Beint utan um niðurstöðurnar liggja fimm stærri **ferlin** sem barnið tekur beinan þátt í innan IECE-umhverfis, frá jákvæðum félagslegum samskiptum til virkrar þátttöku í námi og félagslífi og hljóti til þess viðeigandi stuðning eftir þörfum.

Vídd 3: Hagstæð kerfi innan IECE-umhverfisins

Stærri ferlin fá aftur á móti stuðning af **skipulagi innan efnislegs, félagslegs, menningarlegs og námslegs umhverfis**. Þar á meðal eru kerfi sem gera barninu kleift að vera metið að verðleikum, aðgengilegt og heildrænt námsumhverfi og forysta í umhverfi án aðgreiningar og samstarf.

Vídd 4: Hagstæð kerfi innan samfélagsins

Þar að auki hafa fjarlægari **skipulagsþættir á heimilinu og í samfélaginu** sem fylgir IECE-umhverfinu áhrif á þau aðgreiningarminnkandi ferli sem barnið upplifir. Þar með talin eru samstarf við fjölskyldur og stuðningsþjónustu, ásamt verklagi fyrir hnökralausa tilfærslu í og úr IECE-umhverfi.





Vídd 5: Hagstæð kerfi á svæðis-/landsvísu

Að lokum sýnir ysta lag líkansins **skipulagsþætti sem eru virkir á svæðis-/landsvísu** og hafa einnig áhrif á það sem gerist innan umhverfisins. Þar með talin eru réttindamiðaðar landsstefnur, ásamt stefnum um mat, góða stjórnun og viðeigandi rannsóknir.

Samstarf um notkun á líkaninu meðal stefnumótenda og framkvæmdaaðila

Líkanið getur styrkt samstarf á milli stefnumótenda og framkvæmdaaðila fyrir þróun og eflingu gæðakerfa og -ferla á öllum stigum þess að gera öllum börnum kleift að taka virkan þátt í menntun ungra barna án aðgreiningar.

Vistkerfislíkanið skýrir skörun á ábyrgðarsviðum á staðar- og landsvísu. Til dæmis bera stefnumótendur á svæðis-/landsvísu aðallega ábyrgð á réttindamiðaðri nálgun við löggjöf og fjármögnun sem veitir öllum börnum aðgang að almennum úrræðum (ytri hringur). En til að öll börn geti í raun verið með jafningjum sínum í almennu umhverfi verður starfsfólk umhverfisins hins vegar að taka vel á móti öllum börnum og fjölskyldum þeirra og gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að öll börn á staðnum geti tekið virkan og þýðingarmikinn þátt í umhverfinu (innri hringur).

Eins verða stefnumótendur á landsvísu að tryggja að áætlanir séu til staðar fyrir grunnmenntun kennara fyrir menntun ungra barna án aðgreiningar (ytri hringur). Aftur á móti ber staðbundna umhverfið ábyrgð á því að tryggja að starfsfólk þess sé fullmenntaðir kennarar (eftir því sem hægt er) og að þeir hafi stöðug tækifæri til að sækja sér viðbótarfærni til að mæta fjölbreyttum þörfum allra barna sem hafa aðgang að umhverfinu (innri hringur).

TILMÆLI

Þetta verkefni miðaði að því að auðkenna, greina og síðan stuðla að aðaleinkennum gæðamenntunar ungra barna án aðgreiningar fyrir öll börn frá þriggja ára aldri og fram að upphafi náms í barnaskóla. Verkefnið byggir á fyrirliggjandi skilningi á menntun ungra barna án aðgreiningar og bætir við nýrri innsýn í tilmælum sínum.

Tilmæli verkefnisins eru skipulögð í samræmi við vistkerfislíkanið. Þeim er aðallega beint til stefnumótenda með tilliti til hvernig þeir geta stutt framkvæmdaraðila við að tryggja gæðamenntun ungra barna án aðgreiningar.

Til að tryggja að virk þátttaka og nám barna í menntun ungra barna án aðgreiningar verði meginmarkmið úrræða í menntun ungra barna án aðgreiningar þurfa





stefnumótendur að:

1. Styðja veitendur menntunar ungra barna án aðgreiningar á staðnum við að ná til barna og fjölskyldna með fyrirbyggjandi hætti og hlusta á raddir þeirra.
2. Skapa þær aðstæður innan menntunar ungra barna án aðgreiningar sem tryggja ekki aðeins mætingu barnanna, heldur einnig þátttöku þeirra þegar þau eru komin þangað.

Til að tryggja að virk þátttaka og nám barna í menntun ungra barna án aðgreiningar verði meginmarkmið og -ferli úrræða í menntun ungra barna án aðgreiningar þurfa stefnumótendur að:

3. Tryggja að heildræn landsnámskrá setji sem aðalmarkmið sitt og staðal að öllum börnum sé gert kleift að tilheyra, taka þátt og læra, bæði á eigin spýtur og meðal jafningja.
4. Tryggja að einstaklingsmat á börnum geri einnig grein fyrir þátttökustigi barna í námi og félagslegum athöfnum og félagslegum samskiptum við fullorðna og jafningja og hverjum þeim stuðningi sem þörf er á svo að þetta eigi sér stað.

Til að tryggja að umhverfi menntunar ungra barna án aðgreiningar geti tekið vel á móti og tryggt þátttöku allra barna þurfa stefnumótendur að:

5. Tryggja að grunn- og áframhaldandi menntun fyrir kennara og starfsfólk í stuðningi geri þeim kleift að þróa þá hæfni sem er nauðsynleg til að taka vel á móti öllum börnum og fá þau til að taka þátt í daglegum athöfnum í menntun ungra barna án aðgreiningar.
6. Tryggja að framkvæmdaraðilar hljóti undirbúning til að líta á menningarlegan bakgrunn barna og fjölskyldna sem hluta af því að auðvelda virka þátttöku þeirra í menntun ungra barna án aðgreiningar.
7. Skapa aðstæður þar sem stjórnendur í umhverfi menntunar ungra barna án aðgreiningar taka upp aðgerðir aðgreiningarleysis, hafa hæfni til að skapa gildi jákvæðni og samheldni og auðvelda samstarfslega ábyrgð á ávinningi hvers barns af þátttökunni.
8. Forgangsraða þróun og notkun á verkfærum til að bæta aðgreiningarleysi í efnislegu og félagslegum umhverfi í menntun ungra barna án aðgreiningar, eins og dæmi er gefið um í Tæki til sjálfsskoðunar.

Til að tryggja að umhverfi menntunar ungra barna án aðgreiningar geti mætt viðbótarþörfum allra barna þurfa stefnumótendur að:

9. Tryggja að samfélagið á staðnum búi yfir þeirri sérþekkingu og úrræðum til að tryggja að öll börn geti mætt, verið hluti af jafningjahóp og tekið virkan þátt í náminu og félagslegum athöfnum.



10. Stuðla að samstarfi á milli allra sviða og fagsviða, ásamt framkvæmdaraðilum, fjölskyldum og staðbundnum samfélögum, til að auka gæði fylgisemdar, þátttöku og náms allra barna.

Svo að gæðatrygging geti í raun snúist um að tryggja gæðapjónustu við börn í menntun ungra barna án aðgreiningar þurfa stefnumótendur að:

11. Tryggja að söfnun tölfræðiupplýsinga innihaldi umfjöllun um þann fjölda barna sem er neitað um rétt á gæðamenntun ungra barna án aðgreiningar og þær hindranir sem koma í veg fyrir að þau hafi aðgang að henni.

12. Tryggja að þjónustumat fjalli um að hve miklu leyti öll börn fái tækifæri til virkrar þátttöku, sjálfstæðra, sjálfhafinna og félagslegra leikja og annarra athafna.

13. Tryggja þróun á gæðavísibendum *aðgreiningarleysis* fyrir menntun ungra barna með notkun á, meðal annarra úrræða, Vistkerfislíkaninu og Tæki til sjálfsskoðunar úr verkefninu Menntun ungra barna án aðgreiningar.

Til að tryggja að stefnumótun hafi áhrif á gæði framkvæmdar á menntun ungra barna án aðgreiningar þurfa stefnumótendur á öðrum sviðum og á öðrum stað-, svæðis- og landsbundnum stigum að:

14. Starfa saman og með þjónustuveitendum að því að tryggja gæði og aðgreiningarleysi í þjónustu í menntun ungra barna án aðgreiningar í gegnum sameiginlegan skilning á gæðavandamálum aðgreiningarleysis, eins og dæmi er gefið um í Vistkerfislíkaninu af menntun ungra barna án aðgreiningar.

ÚTKOMA VERKEFNISINS

Þessi skýrsla beindi sjónum að nýjum framlögum verkefnisins til stefnumótunar, framkvæmdar og rannsókna á IECE. Þetta voru lokaniðurstöður úr þriggja ára ferli sem náði til allrar Evrópu og innihélt eftirfarandi aðgerðir og útkomur:

- Fræðilega umfjöllun og umfjöllun um stefnur, sem veitir hugtakaramma verkefnisins og inniheldur umfjöllun um alþjóðleg og evrópsk rannsóknarit og stefnurit um menntun ungra barna án aðgreiningar (Evrópumiðstöðin, 2017c)
- Öflun og eigindlega greiningu á 32 dæmum um umhverfi menntunar barna án aðgreiningar frá 28 aðildarlöndum Miðstöðvarinnar (Evrópumiðstöðin, 2016)
- Ítarlegar stakar staðarheimsóknir til dæma um umhverfi menntunar ungra barna án aðgreiningar í átta ólíkum löndum




- Svör stakra landa við spurningalistum, sem veittu upplýsingar um stefnu og framkvæmd í menntun ungra barna án aðgreiningar fyrir öll börn á landsvísu í aðildarlöndum Miðstöðvarinnar
- Tæki til sjálfsskoðunar fyrir umbætur á umhverfi menntunar barna án aðgreiningar: það var byggt upp með þátttöku hagsmunaaðila í sérhverri þeirra átta heimsókna í umhverfi menntunar ungra barna án aðgreiningar og með vistfræðilegum löggildingarrannsóknum til viðbótar í þremur mismunandi löndum. Það er til á 25 tungumálum. (Evrópumiðstöðin, 2017b)
- Samantektarskýrslan, *Inclusive Early Childhood Education: New Insights and Tools – Contributions from a European Study [Menntun ungra barna án aðgreiningar: Ný innsýn og verkfæri – framlög úr evrópskri rannsókn]* (Evrópumiðstöðin, 2017a), en þessi skýrsla er samantekt á henni.

Allar þessar útkomur verkefnisins eru fánlegar á vefsvæði verkefnisins Menntun ungra barna án aðgreiningar:

www.european-agency.org/agency-projects/inclusive-early-childhood-education

HEIMILDIR

Bronfenbrenner, U. og Morris, P. A., 2006. 'The Bioecological Model of Human Development' [Lífvistfræðilegt líkan af þróun mannsins], í W. Damon og R. M. Lerner (ritst.), *Handbook of Child Psychology, Vol. 1: Theoretical models of human development [Handbók um barnasálfræði, 1. bindi: Fræðileg líkan af þróun mannsins]* (6. útg.). New York: Wiley





Efnahags- og framfarastofnunin, 2015. *Starting Strong IV: Monitoring Quality in Early Childhood Education and Care [Sterkt upphaf IV: Eftirlit með gæðum í menntun og umönnun ungra barna]*. París: OECD Publishing. www.oecd.org/publications/starting-strong-iv-9789264233515-en.htm (Síðast sótt í nóvember 2016)

Evrópumiðstöð um nám án aðgreiningar og sérþarfir, 2015. *Tillaga að afstöðu Miðstöðvarinnar til námskerfa án aðgreiningar*. Odense, Danmörku. www.european-agency.org/publications/brochures-and-flyers/agency-position-on-inclusive-education-systems-flyer (Síðast sótt í ágúst 2016)

Evrópumiðstöð um nám án aðgreiningar og sérþarfir, 2016. *Inclusive Early Childhood Education: An analysis of 32 European examples [Menntun ungra barna án aðgreiningar: Greining á 32 evrópskum dæmum]*. (P. Bartolo, E. Björck-Åkesson, C. Giné og M. Kyriazopoulou, ritst.). Odense, Danmörku. www.european-agency.org/publications/ereports/iece-analysis-of-32-european-examples (Síðast sótt í júní 2017)

Evrópumiðstöð um nám án aðgreiningar og sérþarfir, 2017a. *Inclusive Early Childhood Education: New Insights and Tools – Contributions from a European Study [Menntun ungra barna án aðgreiningar: Ný innsýn og verkfæri – framlög úr evrópskri rannsókn]*. (M. Kyriazopoulou, P. Bartolo, E. Björck-Åkesson, C. Giné og F. Bellour, ritst.). Odense, Danmörku. www.european-agency.org/publications/ereports/iece-new-insights-and-tools (Síðast sótt í desember 2017)

Evrópumiðstöð um nám án aðgreiningar og sérþarfir, 2017b. *Tæki til sjálfsskoðunar í menntunarumhverfi ungra barna án aðgreiningar*. (E. Björck-Åkesson, M. Kyriazopoulou, C. Giné og P. Bartolo, ritst.). Odense, Danmörku. www.european-agency.org/publications/ereports/inclusive-early-childhood-education-environment-self-reflection-tool (Síðast sótt í ágúst 2017)

Evrópumiðstöð um nám án aðgreiningar og sérþarfir, 2017c. *Inclusive Early Childhood Education: Literature Review [Menntun ungra barna án aðgreiningar: Fræðileg umfjöllun]*. (F. Bellour, P. Bartolo og M. Kyriazopoulou, ritst.). Odense, Danmörku. www.european-agency.org/publications/reviews/iece-literature-review (Síðast sótt í desember 2017)

Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins, 2014. *Proposal for key principles of a Quality Framework for Early Childhood Education and Care [Tillaga að lykilatriðum gæðaramma fyrir menntun og umönnun ungra barna]*. Skýrsla um vinnuhóp um menntun og umönnun ungra barna undir vernd Framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins. ec.europa.eu/assets/eac/education/policy/strategic-framework/archive/documents/ecec-quality-framework_en.pdf (Síðast sótt í apríl 2017)



Ráð Evrópusambandsins, 2017. *Conclusions of the Council and of the Representatives of the Governments of the Member States, meeting within the Council, on Inclusion in Diversity to achieve a High Quality Education for All* [Niðurstaða Ráðsins og fulltrúa ríkisstjórna aðildarríkjanna, fundur innan Ráðsins, um aðgreiningarleysi í fjölbreytileika til að ná hágæðamenntun fyrir alla]. 2017/C 62/02. eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/TXT/?uri=uriserv:OJ.C_.2017.062.01.0003.01.ENG (Síðast sótt í júní 2017)



Aðalskrifstofa:

Østre Stationsvej 33
DK-5000
Odense C
Denmark
Sími: +45 64 41 00 20
secretariat@european-agency.org

Skrifstofa í Brussel:

Rue Montoyer 21
BE-1000
Brussels
Belgium
Sími: +32 2 213 62 80
brussels.office@european-agency.org



www.european-agency.org